


Reglur um notkun PERSÓNUHLÍFA

Reglurnar gilda um persónuhlífar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ná til.


Persónuhlífar eru t.d. öryggishjálmar, heyrnarhlífar, öryggisskór, öryggisbelti, öndunargrímur og endurskinsfatnaður.


Persónuhlífar er sá búnaður sem starfsmaður á að klæðast eða halda á sér til verndar gegn einni eða fleiri hættum á vinnustöðum, sem stefnt geta öryggi hans og heilsu í voða, svo og allur viðbótar- eða aukabúnaður sem ætlaður er til að þjóna þessu verki.



Starfsmaður skal nota persónuhlífar þegar ekki er hægt að komast hjá áhættu eða takmarka hana nægilega með tæknilegum ráðum, sem veita almenna vernd, eða með annarri vinnutilhögun.

Í reglunum er fjallað um skyldur atvinnurekenda, m.a. að láta persónuhlífar í té, og skyldur starfsmanna að nota þær.



Eingöngu skulu notaðar persónuhlífar sem uppfylla reglur um **gerð** persónuhlífa (nr. 501/1994) og eru því merktar með 

Reglurnar (nr. 497/1994) fást hjá Vinnueftirlitinu.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bildshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is